

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um
hópuppsagnir⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVIII. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Í stað textans í 22. lið (tilskipun ráðsins 75/129/EBE) komi eftirfarandi:
„ **398 L 0059**: Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu
laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).“
2. Texti 26. liðar (tilskipun ráðsins 92/56/EB) í XVIII. viðauka falli niður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/59/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner